

Vegagerðin í Borgarnesi
Auðunn Hálfánarson
Borgarbraut 66
310 Borgarnes



Fornleifavernd
ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands vestra
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkrókur
Sími: 453 6203, Bréfsími: 453 7998
solborg@fornleifavernd

Sauðárkrókur 25. október 2005
Tilvísun: Fvr 2005090036/SUP

Efni: Hringvegur um Hrútafjarðarbotn

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins, dags. 28.09.2005, um tillögur að vegalínunum í Hrútafjarðarbotni kemur fram að ef veglínan AB verði valin (sjá skýrsluna "Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar") kalli það á frekari fornleifarannsóknir. Gunnar H. Jóhannesson hafði samband við starfsmann Fornleifaverndar á Sauðárkróki og vildi fá úr því skorið um hvers konar fornleifarannsókn væri að ræða og á hvaða stöðum. Um er að ræða könnunarskurð á fornleifunum nr. 144048-5-1 samanber skýrslu Guðnýjar Zoega, Bryndísar Zoega og Sigríðar Sigurðardóttur, "Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar", ásamt nákvæmum uppmælingum, ljósmyndun og lýsingu. Meginmarkmið með könnunarskurðinum er að ganga úr skugga um hvort eldri mannvistarleifar séu undir steknum og gera tilraun til að aldursgreina fornleifarnar. Ef rannsóknin leiðir það í ljós að engar eldri minjar séu undir fornleifunum og ekki sé um mjög gamlar minjar að ræða þá telst framkvæmdin vera fullnaðarrannsókn og Fornleifavernd ríkisins gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu AB nema að því undanskyldu að áður óþekktar fornleifar komi í ljós við framkvæmdir samanber 13. grein þjóðminjalaga.

Virðingarfyllt

Sólborg Una Pálsdóttir
Verkefnastjóri skráningarmála

VEGAGERÐIN	
Vesturland	
Mótt.	26 Okt. 2005
Skjalalykill	11 20 10
Málsnr.	20 04 10 00 02